

Fyrsti fundur Umhverfisnefndar 2014-2015 haldinn 17. september 2014 klukkan 14:00.

Á fundinn mættu fulltrúar nemenda: Bríet Sunna, Iðunn Kara, Sigurdís Ósk, Tómas Hrafn, Kristján Pétur, Böðvar Snær og Ólöf Ósk Fulltrúar starfsfólks Þórunn Júlíusdóttir skólastjóri, Guðrún Sigurðardóttir starfsmaður og verkefnisstjóri og fulltrúi foreldra var ekki en kjósa á nýjan á foreldrafundi í næstu viku.

Þórunn setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Sérstaklega nýja fulltrúa nemenda þau Kristján Pétur, Böðvar Snær og Tómas Hrafn.

Fyrst fór Þórunn yfir það hvað merki grænfanans er táknrænt.

- Hringurinn getur táknað jörðina eða sólina.
- Tréð og maðurinn er eitt, maðurinn er hluti af náttúrunni og það er fólki lífsnauðsynlegt að fara vel með náttúruna.
- Bókin minnir okkur á að stundum vitum við ekki allt en verðum að lesa okkur til og læra.
- Litirnir geta líka táknað, grænt fyrir gróður sem er undirstaða alls lífs, blátt og hvítt fyrir hreint vatn og loft.

Þá kynnti Þórunn fyrir fundinum þema þessa vetrar og ætlum við að taka áttahagþemað áfram og skoða þá betur.

Við ræddum um að hvaða umhverfisverkefnum við höfum verið að vinna. Við komumst að því að við erum búin að taka upp kartöflurnar okkar og höfðum kynnt okkur líffræði hennar. Við erum einnig búin að fara út með fjóra litaða legókubba, gulan, rauðan, grænan og bláan í leit að laufblöðum í sama lit. Krakkarnir voru ekki lengi að finna samlit laufblöð en mest kom á óvart að þau fundu blá laufblöð. Leikurinn var m.a. til þess gerður að vekja athygli þeirra á breytingum í umhverfinu á haustin.

Þá veltum við því fyrir okkur hvað við ættum að gera fyrir næsta umhverfisnefndar fund og var ein hugmyndin að fara saman í bústaðarferð en þegar við ræddum meira um það og veltum því fyrir okkur að sofa ekki heima var ákveðið að fresta því í það minnsta eitthvað. Guðrún kom með hugmynd um að við myndum skoða hvað verður um laufblöðin sem falla af

trjánnum og fræðast um hringrás þeirra í bókum. Var sú hugmynd samþykkt með öllum atkvæðum.

Þórunn þakkaði fyrir góðan fund og sagði fund slitinn.